

Fannar Jónsson  
Sjóðstjóri

## Um sjóðinn

**Akta Stokkur** er fjárfestingarsjóður sem hefur það að markmiði að nýta þau tækifæri á innlendum hlutabréfamarkaði sem á hverjum tíma eru talin skila bestri ávöxtun með tilliti til áhættu.

**Fjárfestingarheimildir**–Sjóðurinn hefur m.a. heimildir til að fjárfesta í innlendum hlutabréfum og sjóðum.

**Virk stýring**– Mikil áhersla er lögð á hreyfanleika þar sem brugðist er skjótt við breyttum aðstæðum. Sjóðstjóri myndar sér skoðun eftir ítarlega greiningarvinnu og leggur mat á væntingar og markaðsaðstæður. Sjóðstjóri beitir virkri fjárfestingarstefnu við stýringu sjóðsins og hefur að markmiði að skila fjárfestum betri ávöxtun en hlutabréfavisitalan (OMX115GI) sem er viðmið sjóðsins en jafnframt að skila jákvæðri ávöxtun. Sjóðurinn hentar vel fjárfestum sem vilja ávaxta fé sitt á fjármálamörkuðum til lengri tíma með virkri stýringu. Gengi sjóðsins getur sveiflast töluvert.


## Helstu upplýsingar

|                     |                     |
|---------------------|---------------------|
| Rekstrarform        | Fjárfestingarsjóður |
| Stofndagur          | 10.4.2017           |
| Rekstraraðili       | Akta sjóðir hf.     |
| Stærð sjóðs         | 1.449,1 m.kr.       |
| Áhættuflokkun       | 4 af 7              |
| Sjóðstjórar         | Fannar Jónsson      |
| Gjaldmiðill         | ISK                 |
| Lágmarkskaup        | 10.000 kr.          |
| Sölutímabil         | 9:00 - 12:00        |
| Gengisuppreikningur | Daglega             |
| Uppgjör             | T+2                 |
| Skráning            | Rafrænt hjá VS      |
| Auðkenni            | AKTASTOKKUR         |
| ISIN                | IS0000028595        |

## Þóknanir og gjöld

|                            |                            |
|----------------------------|----------------------------|
| Innlausnargjald            | 0 kr.                      |
| Afgreiðslugjald við kaup   | Skv. gjaldskrá vörsluaðila |
| Árleg umsýsluþóknun        | 1,25%                      |
| Gengismunur                | 0%                         |
| Viðmið                     | OMX115GI                   |
| (Nasdaq OMX Iceland 15 GI) |                            |
| Árangurstengd þóknun       | 20% umfram viðmið          |


## 10 stærstu eignir sjóðsins




## Atvinnugreinar (%)

## Eignasamsetning (%)


- Heilbrigðisþjónusta
- Fagfjárfestasjóðir
- Sjávarútvegur
- Tækni
- Fjármál
- Aðföng
- Fjarskipti
- Fasteignir
- Smásala



- Skráð hlutabréf
- Óskráð hlutabréf
- Fagfjárfestasjóðir
- Reiðufé



## Söguleg ávöxtun sjóðsins (%)



### Fjárfestingarheimildir

### Vægi

|                                                                     |         |
|---------------------------------------------------------------------|---------|
| Hlutabréfskráð á NASDAQ OMX Nordic Iceland og First North           | 25-100% |
| Hlutabréffélaga með starfsemi á Íslandi en skráð í erlenda kauphöll | 0-50%   |
| Skuldabréf með breytirétti                                          | 0-25%   |
| Óskráð innlend hlutabréf                                            | 0-25%   |
| Skuldabréf og vixlar útgefin af íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess | 0-75%   |
| Innlán fjármálafyrirtækja                                           | 0-75%   |
| Skortstöður í hlutabréfum                                           | 0-20%   |
| Hlutdeildarskírteini annarra sérhæfðra sjóða                        | 0-20%   |
| Afleiður vegna stöðutöku                                            | 0-25%   |

\*Söguleg ávöxtun er hvorki áreiðanleg vísibending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð. Fjárfestum er ráðlagt að leita sérfræðiráðgjafar og kynna sér vel þá fjárfestingarkosti sem í boði eru. Jafnframt eru fjárfestar hvattir til að kynna sér reglur og útboðslýsingar sjóða. Skattlagning hlutdeildarskírteina fellur undir lög um tekjuskatt nr. 90/2003 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996. Eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðum eru hvattir til að kynna sér skattalega stöðu sína og leita ráðgjafar sérfræðinga s.s. skattalögfræðinga eða endurskoðenda.

### Fyrirvari

**Fjárhagsleg áhætta** fylgir fjárfestingum í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Vakin er sérsök athygli á að fjárfesting í hlutdeildarskírteinum sjóða er áhættusöm og getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Helstu áhættuþættir eru eftirfarandi:

**Markaðsáhætta:** Hættan á tapi sjóðs vegna sveiflna á markaðsvirði eigna á eignasafni sjóðsins sem rekja má til breytinga á markaðsbreytum, svo sem vöxtum, gengi erlendra gjaldmiðla, hlutabréfa- og hrávöruverði eða láns hæfi útgefanda.

**Lausafjárahætta:** Hættan á að ekki sé hægt að selja, innleysa eða loka stöðu í eignasafni sjóðsins, með takmörkuðum kostnaði og innan ásettanlegs tímaramma.

**Rekstraráhætta:** Hættan á tapi sjóðs vegna ófullnægjandi innri ferla og mistaka í tengslum við mannauð og kerfi rekstrarfélagsins, eða vegna ytri atburða þ.m.t. lagaleg áhætta og áhætta vegna verklags við viðskipti, miðlun, uppgjör og mat sem innt er af hendi fyrir hönd sjóðsins.

**Verðbólguáhætta:** Hættan á að verðbólga lækki raunvirði eigna sjóðsins.

**Mótaðilaáhætta og áhætta tengd innlánum fjármálafyrirtækja:** Hættan á tapi sjóðs sökum þess að mótaðili viðskipta stendur ekki við skuldbindingar sínar áður en lokauppgjör sjóðstreymis viðskiptanna á sér stað. Þá er bent á að innstæður sjóða um sameiginlega fjárfestingu njóta ekki tryggingaverndar samkvæmt lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

**Stjórn mála áhætta:** Hættan á tapi sjóðsins vegna lagabreytinga, stjórnvaldsákvæðana og stjórn málalegs óstöðugleika.

Nánar er fjallað um áhættuþætti í 15. kafla útboðslýsingar sjóðsins sem nálgast má á heimasíðu Akta.